

5691100

Ritstjórn: ritstjorn@mbi.is
 Auglýsingar: augl@mbi.is
 Áskrift: askrift@mbi.is | Sími 5691100
mbi.is: netfrett@mbi.is



Morgunblaðið

FIMMTUDAGUR 23. APRÍL 113. DAGUR ÁRSINS 2009



SPARIÐ MEIRA EN HELMING MED ÁSKRIFT

Morgunblaðið býður eftir þér þegar þú vaknar á morgnana

Tími sveitaballa-anna kominn



Magni Ásgeirsson

„MÉR finnst eins og fólk vilji frekar fara á ball en að sitja inni á bar og ræða ástandið. Það vill gleyma þessu um stund og skemmta sér úti í sveit,“ segir Magni Ásgeirsson, söngvari hljómsveitarinnar Á móti sól, sem telur að tími sveitaballa sé kominn aftur. „Ég varð mjög sleginn um seinustu helgi þegar við vorum að spila í Reykjavík og ég hitti mann um fertugt sem hafði aldrei komið til Akureyrar. Ég held bara að það sé fullt af Íslendingum sem hafa ekki farið meira en 100 km frá heimili sínu innanlands.“ | 52

Fleiri e-töflur

SEXTÁN ára og yngri ungmenni virðast í auknum mæli sækja í e-töflur og segir ráðgjafi hjá For-eldrahúsi hægt að tala um faraldur. „Þetta hefur verið frekar áberandi neysla hjá krökkunum, og við höfum merkt aukningu síðustu mánuði,“ segir Dana Óskarsdóttir, ICADC-ráðgjafi hjá For-eldrahúsi. | 4

Með notaðar kúlar

Golfaranum Daða Janussyni ofbáuð verð á golfkúlum hér á landi og hóf því innflutning á notuðum frá Bandaríkjunum

Eftir Andra Karl andri@mbi.is

GOLFÍPRÓTTIN er dýrt sport. Félagsgjald í klúbba himinhátt víðast hvar og kylfur þarf að endurnýja reglulega. Það er því varla á bætandi að kaupa golfkúlurnar dýrum dómum. Golfarinn Daði Janusson var alla vega ekki á þeim buxunum fyrir tímabilið sem framundan er. Hann hóf innflutning á notuðum golfkúlum frá Bandaríkjunum fyrr í þessum mánuði og er fyrsta sending uppseld – og von á þeirri næstu.

Ófár golfkúlar fara forgörðum á sumri hverju hér á landi, ýmist þegar þær eru slegnar út í vatn eða hreinlega tynast í háa grasinu. Engar tölur eru til um hversu margar þær eru en í Bandaríkjunum var reiknað út að um 2,5 milljónir kúlna týndust á degi hverjum á bandarískum golfvöllum.

Slá þúsundkalla út í vatn

Kúlurnar eru seldar í tylftum og kostar pakki með þeim dýrustu út úr búð hér á landi um tólf þúsund krónur – eitt þúsund krónur á kúlu! „Það er eins og að brenna upp



Morgunblaðið/Ómar

Flytur inn Daði hyggst a.m.k. flytja inn notaðar golfkúlar í allt sumar.

þúsundkall að slá út í vatn,“ segir Daði sem heldur úti vefsvæðinu golfkular.is. Þar er hann með til sölu flestar gerðir golfkúlna en á mun lægra verði. Á dýrustu kúlunum er t.d. hægt að spara allt að sjö þúsund krónur á pakka.

Daði fór varlega af stað í innflutningnum en eftir mikla sölu í upphafi segir hann auðséd að eftirspurnin tryggi hraðan vöxt og framboðið verði aukið mikið á næstunni.

Fyrirtækið sem hann verklar við sér um að tina upp golfkúlar á fjölmörgum golfvöllum í Bandaríkjunum og Kanada. Þær eru svo gæðaflokkaðar og endurgerðar.

Í endurgerðinni eru merkingar þvegnar af og ysta lag kúlunnar leyst upp. Kúlurnar fara í gegnum strangt gæðaeftirlit og þær sem líta best út eru lakkaðar aftur, merki framleiðandans prentað á og þeim pakkað fyrir nýja kylfinga.

ÞETTA HELST»



Lög um fjármál flokka verði endurskoðuð

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur í bréfi lagt til viðformenn stjórnmalaflokkanna að lög um fjármál stjórnmalaflokkanna verði endurskoðuð. Dósent í heimspæki segir það ógna lýðræðinu ef fjársterkir aðilar geta keypt sér stuðning stjórnmalaflokka með styrkjum. »Forsíða

VG og Samfylking nær jöfn

Heldur dregur saman með þremur stærstu flokkunum samkvæmt nýrri skoðanakönnun Capacent Gallup. Samfylkingin tapar nokkru fylgi en breytingar á fylgi annarra flokka eru innan skekkjumarka. Innan við prósentans munur er nú á fylgi VG og Samfylkingar. »4

Bretar skuldum vafðir

Skuldabyrði breska ríkisins nær tvöfaldast á þessu ári frá því síðasta og er gert fyrir fyrir að skuldirnar fari í 175 milljarða punda í ár. Alistair Darling kynnti fjárlögin á breska þinginu í gær. »22

SKOÐANIR»

Staksteinar: Réttu andlitinu afneitað
 Forystugreinar: Auðmýkt og atkvæði
 Hvar á endurreisnin sér stað?
 Pistill: Ánægja hjá VG með gengisfellingar
 Ljósavaki: Í reykjarkófi liðins tíma

UMRÆÐAN»

Óaðgengilegir skilmálar AGS ...
 Pau eru mætt með heftiplásturinn
 Til hamingju Ísland
 Hryllingssaga úr raunveruleikanum

VIÐSKIPTI»

Situr uppi með íslensk skuldabréf
 Óvænt uppsveifla á breskum ...
 Á mis við stórkostleg tækifæri
 Hærri toppar og lægri botnar



»MEST LESIÐ Á mbl.is

1. Skildu börnin eftir á pitsustað
2. Reyndi að fela hundruð milljóna ...
3. Sjálfstæðisflokkur tapar mikku
4. Þögn Jóhönnu til umræðu ...

Gengisskráning 22. apríl 2009

	Kaup	Sala	Mið
DOLLARI	130,09	130,71	130,40
STERLINGSPUND	190,16	191,08	190,62
KANADADOLLARI	104,85	105,47	105,16
DÖNSK KRÓNA	22,590	22,722	22,656
NÖRSK KRÓNA	19,201	19,315	19,258
SÆNSK KRÓNA	15,239	15,329	15,284
SVISSN. FRANKI	111,37	111,99	111,68
JAPANSKT JEN	1,3280	1,3358	1,3319
SDR	192,75	193,89	193,32
EVRA	168,29	169,23	168,76
MEDALGENGI/VIÐSKIPTAVOG PRÖNG			220,3814

Heimild: Seðlabanki Íslands

■ Íslenska krónan veiktist um 0,9%

VEDUR»

Heitast 8°C | Kaldast 0°C

■ Austan 8-13 m/s og rigning með köflum sunnan til. NA 13-15 m/s og slyduél á Vestfjörðum. Hversir í kvöld. »10



»VEDUR mbl.is

Kastað upp vegna kreppunnar?



Morgunblaðið/RAX


ÚTSKRIFTARSÝNING myndlistar-, hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Að sögn eins út-

skriftarnemanna er ástandið í þjóðfélaginu listamönnunum hugleikið á sýningunni, og endurspeglast það í mörgum verkanna. Á myndinni

hér að ofan má sjá Davíð Hólm Júlíusson við verk sitt á sýningunni og spurning er hvort skepnan á myndinni er að kasta upp vegna kreppunnar. | 54

Menning

FÓLK»




Er Britney að kalla á hjálþ? »57

TÓNLIST»

Pottþétt Egóíð

Safnplatan Pottþétt 49 er mest selda plata landsins um þessar mundir og Egó á vinsælasta lagið. »56

FÓLK»



Lady Gaga líður eins og homma. »57

TÓNLIST»



Geir Ólafsson gefur meira út. »52

GAGNRÝNI»

Skemmtilegt og frískandi

Arnar Eggert Thoroddsen er hrifinn af fyrstu plötu Sudden Weather Change og gefur henni þrjár og hálfu stjörnu. »59